

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „ársfjórðungslega“ í a-lið 9. gr. komi: mánaðarlega.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi, en 2. mgr. verði 3. mgr.:

Nú eru ekki gerð skil á ársreikningum sveitarfélags, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961, og greiðist því sveitarfélagi þá ekki framlag samkv. 1. mgr., fyrr en skil hafa verið gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um Jafnlaunaráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf.

2. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Gildir þetta ekki aðeins um launagreiðslur, heldur um hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi vegna kynferðis. Óheimilt er að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar og skipunar í starf, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.

3. gr.

Setja skal á stofn Jafnlaunaráð. Hefur það aðsetur í Reykjavík, og er starfs svið þess landið allt.

Jafnlaunaráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn, og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum Námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla